

PCC BakkiSilicon hf.  
Bakkavegur 2  
640 Húsavík


Reykjavík, 8. nóvember 2019  
UST201901-031/E.H.  
08.07.02

**Efni: Eftirlit 2019 - Reglubundið eftirlit, 2.10. 2019**

Þann 2. október sl. fór fram eftirlit hjá PCC Bakka Silicon hf. á Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit, ein ábending var gerð er varðar skyldur rekstraraðila til að halda rekstrarsvæði sínu hreinu og passa upp á að geymsla aukaafurða á lóð skuli ekki vera til langframa. Gæta þarf að því að finna aukaafurðum og úrgangi farveg til að uppsöfnun verði ekki of mikil. Geymsla aukaafurða skal mest nema 22.000 tonnum.

Virðingarfallst



Einar Halldórsson



Sigríður Magnúsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	2.10.2019	Abyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Sigurpálsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með kísilverksmiðju PCC á Bakka. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi, ein ábending var gerð varðandi geymslu aukaafurða á lóð.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið byrjaði á fundi um valin málefni er varðar starfsleyfi rekstraraðila. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staða frávika
2. Ábendingar og kvartanir
3. REACH skráningar
4. Úrgangsmál
5. Breytingar á reykhlensivirkir
6. Losun í útblæstri frá ofnum og losunarmörk heildarframleiðslu(gr. 3.5 og 3.8 í starfsleyfi)
7. Önnur mál

1. Farið var yfir stöðu frávika en tvö frávik stóðu opin frá fyrr eftirlitum:

- a. Frávik frá grein 3.21 í starfsleyfi er varðaði úrgangsoliú á geymslusvæði án lekavarna er í farvegi. Í samþyktri úrbótaáætlun frá rekstraraðila er stefnt að því að útbúa efnageymslu úr frystigámi á svæðinu. Verklok voru áætluð í vor en verkið dregst fram á haust. Búið er að færa úrgangsoliú inn á verkstæði PCC þar til efnageymslan er tilbúin.
- b. Fráviki frá grein 3.3 er varðaði kíslryk sem hafði lekið frá lóð PCC eftir hreinsun eftir stíflu í reykhlensivirkir var lokað í eftirlitinu. Svæðið var skoðað og staðfest að viðunandi hreinsun hefði átt sér stað eftir atvikið.

2. Rætt var um ábendingar og kvartanir á árinu vegna reksturs kíslversins. Á árinu hafa borist um 11 ábendingar vegna starfseminnar einkum vegna sýnilegs reyks frá ofnhúsi eða strompum ofnhússins. Í þeim tilfellum sem reykur hefur komið út um strompa ofnhússins hafa rekstrarvandamál orðið til þess að losa þarf reyk þar í gegn til að vernda pokasíur í reykhlensivirkir. Reykur út um rjáfur ofnhússins hefur einkum komið vegna svokallaðra ofngosa. Skurn hefur þá myndast vegna lægra hitastigs en á að vera í ofninum og þegar göt koma á skurnina kemur bráðin upp með tilheyradi reyk og „gosí“. Gött á skurnina geta t.a.m. komið þegar verið er að skara í ofninum eftir að hráefnum hefur verið hleypt inn á hann eða vegna hreyfingar á skautum þegar lítið hráefni er í ofninum. Rekstrarvandræði sem þessi verða færri eftir því sem meiri stöðugleiki og reynsla varðandi rekstur ofnanna.

3. REACH - Farið var yfir skráningaskyldu skv. REACH og þá helst:

- a. Frumframleiðsla efna
- b. Innflutningar
- c. Breyttar aðstæður/forsendur – uppfærsla skráningarskýrslu (e. registration dossier)
- d. Eigin notkun framleiðslu

4. Rætt var um úrgangsmál og kíslryk sem hefur safnast upp á lóðinni. Um 1000 tonn af kíslryki sem kom frá óstöðugum rekstri er geymt á lóðinni og þarf að finna farveg fyrir það sem fyrst til að birgðir safnist ekki upp til langa tíma. Skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skal geymsla aukaafurða á lóð ekki vera til langframa og mest nema 22.000 tonnum. Sá úrgangur sem þarf að urða hefur farið í Stekkjarvík en einnig í Laugardal á kerbrotum sem fellur til í mun minna magni.

5. Nýlega kynntu forsvarsmenn PCC á Bakka og verktakar þeirra breytingu á reykhlensivirkir verksmiðjunar sem ráðgert er að fari fram í maí á næsta ári. Klæðningin hefur skemmt vegna fyrri hönnunar og þrýstingur ójafn, auk þess sem útbúa þarf betri sýnatökuaðstöðu. Í stað þriggja strompa ofaná reykhlensivirkini verður lofti hleypt út eftir rennu eftir endilöngu húsins eftir hreinsun. Rennan verður um 3 metrum lægri en úttak strompana en skv. útreikningum resktraraðila mun betri dreifing náast á loftmengunarefnum í kjölfar fyrirhugaðra breytinga.

6. Farið var yfir losun í útblæstri frá ofnum en við eftirlit var daglegt meðalgildi um 4,1 mg/Nm<sup>3</sup> en skv. gr. 3.6 í starfsleyfi eru losunarmörkin 20 mg/Nm<sup>3</sup> til 30. júní 2020. Eftir það verða losunarmörkin 5,0 mg/Nm<sup>3</sup>. Útreikningará

losun skv. gr. 3.8 í starfsleyfi bárust frá rekstraraðila eftir að eftirlit fór fram. Brennisteinstvíoxið var að meðaltali 1,89 kg fyrir hvert tonn af framleiddum kísil á tímabilinu janúar - september og ryk 0,29 kg fyrir hvert tonn og því vel innan marka starfsleyfis (SO<sub>2</sub>: 15,0 kg/tonn Si; Ryk: 2,5 kg/tonn Si).

7. Farið var almennt yfir reksturinn á þessu ári en framleiðslumet var sett nú í ágúst og reksturinn að verða stöðugri miðað við mánuðina á undan. Annar ofninn var þó úti í 10 daga í september.

Farið var í skoðunarferð inn í ofnhús verksmiðjunnar og umhverfi þess. Annar ofninn var ekki í gangi þegar eftirlit fór fram. Geymsla á kísilryki var skoðuð á svæðinu líkt og farið var yfir í lið 4 í umfangi eftirlitsins. Farið var út fyrir lóð verksmiðjunnar þar sem kísilryk hafði áður dreifst yfir og staðfest að viðunandi hreinsun hefði átt sér stað.

#### ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er skylt að halda rekstrarsvæði sínu hreinu skv. gr. 2.4 og passa upp á að geymsla aukaafurða á lóð skuli ekki vera til langframa. Gæta þarf að því að finna aukaafurðum og úrgangi farveg til að uppsöfnun verði ekki of mikil. Geymsla aukaafurða skal mest nema 22.000 tonnum.


#### ANNAÐ

Viðstaddir eftirlitið var Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.10.2019

  
Einar Halldórsson